

Laugardaginn 31. desember 1949.

Nr. 13/1948. **Alþýðusamband Íslands f. h.
Verklýðsfélags Skagastrandar
vegna db. Kjartans Sveinssonar**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.
Síldarverksmiðju ríkisins á Skagaströnd**
(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Forgangsréttur verkamanns til vinnu. Skaðabætur.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 14. okt. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Skagastrandar vegna Kjartans Sveinssonar gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Síldarverksmiðju ríkisins á Skagaströnd. Eftir að málið var höfðað lézt Kjartan Sveinsson og hefur nú dánarbúið komið í hans stað. Dómkröfur stefnanda eru þær, 1) að dæmt verði, að stefndi hafi með synjun sinni um að taka Kjartan Sveinsson í vinnu vorið 1948, svo sem nánar verður lýst síðar, brotið 1. gr. kjarasamnings þess frá 1. sept. 1947, sem aðiljar máls þessa framlengdu 6. júní 1948. 2) að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 3204.00, eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að í öndverðum aprílmánuði 1948, að líkindum 9. þess mánaðar, lét forstjóri síldarverksmiðjunnar á Skagaströnd festa upp á þremur stöðum í kaup-túninu, að hans sögn, auglýsingu þess efnis, að þeir verkamenn, sem hefðu hugsað sér að gefa kost á sér til vinnu við síldarverksmiðjuna næstkomandi sumar, skyldu gefa sig fram við hann sem fyrst. Samkvæmt þessu kveður stefnandi, að Kjartan sálugi Sveinsson hafi falazt eftir vinnu við síldar-

verksmiðjurnar um 20. maí s. á. Stefndi kveður það hafa verið um mánaðamótin maí—júní, en fullvíst er, að það hefur verið fyrir 8. júní sama ár, því þann dag ritar stefndi Kjartani sáluga svohljóðandi bréf: „Út af bréfi yðar ódagsettu skal yður hér með tjáð, að nú þegar er fullráðið til almennrar vinnu í verksmiðju vorri hér,“ og synjaði þess þar með að taka Kjartan í vinnu. Fyrirsvarsmenn stefnanda kveðast þá þegar hafa kvartað yfir þessu við framkvæmdastjóra stefnda, því þeir hafi talið, að samkvæmt 1. gr. kjarasamnings þess, sem í gildi var þá milli aðilja, hafi Kjartan sem félagsmaður í verklýðsfélaginu átt forgangsrétt til vinnu hjá stefnda. Stefndi hefur mótmælt því, að stjórn verklýðsfélagsins hafi kvartað yfir þessu við sig, fyrr en með bréfi, dags. 8. ágúst s. á., en þá var þess krafizt af félagsins hálfu, að stefndi tæki Kjartan í vinnu, en hann synjaði þess með bréfi dags. 17. s. m. Að þeirri neitun fenginni höfðaði stefnandi mál þetta, svo sem að framan er greint.

Í 1. gr. kjarasamnings þess, sem var í gildi milli aðilja máls þessa sumarið 1948, en hann er frá 1. sept. 1947 og var framlengdur samkvæmt sérstöku samkomulagi aðilja 6. júní 1948, segir svo:

„Síldarverksmiðjur ríkisins skuldbinda sig til að láta verkamenn, sem eru gildir meðlimir í Verklýðsfélagi Skagastrandar, hafa forgangsrétt til allrar verkamannavinnu, þegar þess er krafizt og meðlimir félagsins bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu, er um ræðir, auk námsmanna, sem vinnurétt eiga í verksmiðjunni á Skagaströnd.“

Stefnandi telur, að samkvæmt samningsákvæði þessu hafi stefnda verið skylt að taka félagsmenn verklýðsfélagsins til vinnu umfram utanfélagsmenn. Enginn frestur hafi verið settur í auglýsingu stefnda, þeirri er að framan getur, og hún hafi enn verið uppfest, er Kjartan felaðist eftir vinnu. Þá hafi og það langur tími verið til þess, er starfræksla síldarverksmiðjunnar skyldi hefjast, að forstjóra hennar hafi á þeim tíma, er Kjartan felaðist eftir vinnu, verið skylt að láta þá félagsmenn úr verklýðsfélaginu, er þess óskuðu, fá vinnu. Hann hafi því með synjun sinni um að taka Kjartan gerzt brotlegur við framangreint samningsákvæði og orðið skaða-

bótaskyldur gagnvart Kjartani, þar sem hann hafi af þessum sökum verið atvinnulaus sumarið 1948, en bótakrafa stefnanda miðast við það kaup, sem Kjartan mundi hafa fengið, ef hann hefði verið fastráðinn starfsmaður stefnda síldarvertíðina sumarið 1948.

Stefndi neitar því eindregið að hafa gerzt brotlegur við „organgsréttarákvæði 1. gr. nefnds samnings, og að hafa orðið skaðabótaskyldur vegna synjunar sinnar um að taka Kjartan sáluga Sveinsson í vinnu. Byggir hann málsvörn sína á því, að verkamönnum á Skagaströnd, þ. e. félagsmönnum verklýðsfélagsins, hafi verið gefinn nægilegur frestur til þess að fara vinnu hjá sér, áður en hann réði til sín þá utanfélagsmenn, sem hann þurfti, til þess að fá nógu marga starfsmenn, en vegna starfrækslu verksmiðjunnar sé nauðsynlegt að tryggja fullan vinnukraft alllöngu áður en starfræksla hefst. Beiðni Kjartans um vinnu hafi þá fyrst komið fram, er eðlilegur og sanngjarn frestur félagsmanna hafi verið liðinn, og því víta laust af sinni hálfu, að synja honum um ráðningu, enda hafi þá þegar verið fullráðið, er hann gaf sig fram.

Eins og starfrækslu stefnda er háttáð, þykir eðlilegt, að hann þurfi ekki að draga það til síðustu stundar að ráða til sín starfsmenn til sumarstarfrækslunnar og eigi þrátt fyrir ákvæði 1. gr. nefnds samnings heimtingu á því, að þeir félagsmenn úr verklýðsfélaginu, sem ætla að sækja um vinnu, gefi sig fram með hæfilegum fyrirvara. En þar sem stefndi setti ekki í framangreinda auglýsingu sína neinn ákveðinn frestur, fyrir félagsmenn verklýðsfélagsins, né hafði, svo sannað sé, samvinnu um það við fyrirsvarsmenn stefnanda, að verkamenn gæfu sig fram fyrir tiltekinn tíma, verður ekki talið, að krafa Kjartans um vinnu um mánaðamótin maí—júní hafi borizt svo seint, að stefnda hafi verið rétt að láta hann af þeim sökum víkja fyrir utanfélagsmönnum. Og þar sem ekki er upplýst, að Kjartan hafi verið ófær um að leysa af hendi þá vinnu, sem um var að ræða, verður að telja, að synjun stefnda um að taka hann í vinnu hafi, eins og á stóð, verið brot á 1. gr. nefnds kjarasamnings, og hann þannig orðið skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda.

Þar sem stefndi hefur ekki mótmælt sérstaklega fjárhæð

steinukröfunnar né borið fyrir sig ákvæði annars málsliðar 65. gr. laga nr. 80/1938 þykir verða að taka kröfu stefnanda til greina að fullu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

Synjun stefnda, Síldarverksmiðju ríkisins á Skagaströnd, um að taka Kjartan Sveinsson í vinnu við Síldarverksmiðjuna sumarið 1948, var brot á 1. gr. framangreinds kjarasamnings frá 1. september 1947, sem framlengdur var með samkomulagi dags. 6. júní 1948.

Stefndi greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Skagastrandar vegna Db. Kjartans Sveinssonar, kr. 3204.00 og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 10. janúar 1950.

Nr. 1/1950.

Vinnuveitendasamband Íslands f. h.

H/f Shell á Íslandi (Björgvin Sigurðsson hdl.).
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h.

Verkamannafélagsins Dagsbrúnar

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Frávísunarkröfu hrundið.

Úrskurður.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. þ. m., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. H/f Shell á Íslandi gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær, að vinnustöðvun sú, sem Alþýðusamband Íslands fyrirskipaði verkamanna-